

AUGLÝSING

um takmörkun á bifreiðastöðum í miðbæ Hafnarfjarðar.

Samkvæmt heimild í a-lið 2. mgr. 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnarinnar í Hafnarfirði hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Við Strandgötu í Hafnarfirði á kaflanum frá Lækjargötu að Reykjavíkurvegi, svo og í Gunnarssundi neðan Austurgötu, er einungis heimilt að leggja bifreiðum eina klukkustund í senn frá kl. 9:00 árdegis til kl. 17:00 síðdegis mánudaga til föstudaga, nema almennur frídagur sé.

Bann þetta tekur gildi þegar auglýsing þessi hefur birst í Stjórnartíðinum og viðeigandi merki skv. 5. gr. reglugerðar nr. 414 frá 1978 sbr. reglugerð nr. 115/1988 hafa verið sett upp.

Bæjarfógetinn í Hafnarfirði, 8. desember 1988.

Már Pétursson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 332 16. ágúst 1976 um gatnagerðargjöld í Hólmavíkurbreppi.

1. gr.

9. gr. orðist svo:

Gatnagerðargjald samkv. 6. gr. greiðist þannig að 20% greiðast þegar lagningu varanlegs slitlags er lokið. Eftirstöðvar greiðast með skuldabréfi með jöfnum árlegum afborgunum á næstu 4 árum. Gjaldalagi afborgana er 1. júlí. Vextir og verðtrygging skulu vera í samræmi við kjör Bygðastofnunar á lánum er hún veitir til varanlegrar gatnagerðar.

2. gr.

10. gr. orðist svo:

Heimilt er að veita staðgreiðsluafslátt allt að 10% eftir ákvörðun hreppsnefndar á hverjum tíma.

3. gr.

11. gr. orðist svo:

Heimilt er hreppsnefnd að fresta innheimtu gatnagerðargjalda af eigendum fasteigna sem náð hafa 67 ára aldri og þeim er eiga við sjúkdóm að stríða. Skilyrði fyrir frestun álagningar er, að gjaldinu verði þinglýst sem kvöð á viðkomandi eign og falli til álagningar í samræmi við þágildandi gjaldskrá, ef eigendaskipti verða eða aðstæður breytast á annan þann hátt, þannig að forsendur frestunarinnar brestu.

4. gr.

12. gr. orðist svo:

Gatnagerðargjald má taka lögtaki í viðkomandi fasteign, og er það tryggt með lögveði í fasteigninni í næstu 2 ár eftir gjalddaga með forgangsveði fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði, án tillits til eigendaskipta.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hólmavíkurhrepps staðfest-
ist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 og og 31/1975 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 25. nóvember 1988.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

AUGLÝSING

um umferð í Kópavogi.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50, 30. mars 1987 og að fengnum tillögum
bæjarstjórnar Kópavogs, eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Kópavogi:

1. Að stöðubann verði á suðurkanti Löngubrekku frá húsi nr. 39 að Álfrólsvægi, einnig á
norðurkanti götunnar frá húsi nr. 32 að Auðbrekku.
2. Að hámarkshraði í Holtagerði frá Urðarbraut að Norðurvör verði 30 km pr. klst.
3. Að biðskylda verði á húsagötur við Álfaheiði gagnvart Álfaheiði aðalgötu (stofngötu).
4. Að biðskylda verði á Álfaheiði gagnvart Hlíðarhjalla.
5. Að biðskylda verði á húsagötur við Hlíðarhjalla gagnvart Hlíðarhjalla (stofngötu).
6. Að biðskylda verði á Heiðarhjalla gagnvart Hlíðarhjalla.

Reglur þessar eru settar skv. heimild í 2. mgr. 81. gr. umferðarlaga nr. 50, 30. mars 1987
og koma til framkvæmda þegar í stað.

Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga, um umferð í
Kópavogi, sem brjóta í bága við ákvæði auglýsingar þessarar.

Bæjarfógetinn í Kópavogi, 29. nóvember 1988.

Ásgeir Pétursson.

AUGLÝSING

um umferð í Garðabæ.

Samkvæmt heimild í a-lið 2. mgr. 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu
bæjarstjórnarinnar í Garðabæ hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Við Vífilsstaðaveg og frá Hafnarfjarðarvegi að Reykjanesbraut hinni nýju er óheimilt að
leggja bifreiðum.

Bann þetta tekur gildi þegar auglýsing þessi hefur birst í Stjórnartíðingum og videigandi
merki skv. 5. gr. reglugerðar nr. 414 frá 1978 sbr. reglugerð nr. 115/1988 hafa verið sett upp.

Bæjarfógetinn í Garðabæ, 8. desember 1988.

Már Pétursson.